

UMRÆÐAN

Orð skulu standa ...

Eftir Emil Örn Kristjánsson

Í VIÐTALI við Morgunblaðið þriðjudaginn 29. október sl. vísar formaður skipulags- og byggingarnefndar Reykjavíkur á bug gagnrýni minni um að samráði við íbúa hafi verið ábótavant við mótun tillögu að skipulagi Landssímalóðarinnar svokölluðu í Grafarvogshverfi. Kannske hefur formaðurinn rétt fyrir sér, því samráð við íbúa var nánast ekkert við mótun fyrirbyggjandi tillögu. Þvert ofan í fögur loforð borgarstjóra, og þáverandi núverandi formanns skipulags- og byggingarnefndar aðeins örfáum dögum fyrir síðustu borgarstjórnarkosningar.

Lofað samráði

Á kynningarfundum í vor voru lagðar fram nýjar tillögur að skipulagi á Landssímalóð og var þegar ljóst að íbúum þóttu þær alls óviðunandi og töldu að lítið hefði verið komið til móts við óskir þeirra. Þá lofaði þáverandi formaður skipulags- og byggingarnefndar að myndadur yrði samráðshópur skipulagsyfirvalda, íbúa og byggingaraðila til þess að finna ásættanlega lausn á skipulagi Landssímalóðar. Var loforði for-



„Þið lofuðuð viðtæku samráði við íbúa, þið lofuðuð að

taka fullt tillit til óska þeirra og þið lofuðuð að taka skipulagið til endurskoðunar frá grunni. Orð skulu standa.“

mannsins ákaflega vel tekið og þóttust fundarmenn sjá að „íbúalýðræði“ gat verið meira en orðin tóm.

Eftir því sem nær dró kosningum urðu loforðin stöðugt fallegri. Í kosningabæklingum sem dattu inn um lúguna hjá mér í maímánuði gaf m.a. að líta eftirfarandi: „Reykjavíkurlistinn vill ... endurskoða skipulag Landssímalóðar og í sát (feitletrað í bæklingi) við íbúa Grafarvogs.“ „Aðferð hennar (þ.e.a.s. borgarstjóra) og Reykjavíkurlistans við stjórn borgarinnar er að starfa með íbúum ...“

Premur dögum fyrir kosningar

boðaði R-listinn til fundar í Spönginni. Þar var talað um að „taka skipulagið til endurskoðunar frá grunni“, „fara í viðtækt samráð við íbúa“, „diskútera hvers konar byggð þar á að vera“, „koma til móts við íbúa“ o.s.frv.

Á þeim fundi spurði ég formann skipulags- og byggingarnefndar (þáverandi) hvort ekki væri bara hægt að þurrka út fyrirbyggjandi tillögur og hugsuð dæmið upp á nýtt. Fullvissaði hann mig og aðra viðstadda um að það yrði gert. Hann tók reyndar fram að þetta væri ekki sagt bara vegna þess að kosningar væru í nánd.

Samráðsferlið

Í maímánuði var þess farið á leit við undirritaðan, af stjórn íbúasamtaka Grafarvogs, að hann tæki sæti í samráðshópi um skipulag Landssímalóðar og tók ég vel í þá málaleitan. En þótt drifni hefði verið í því að mynda þennan hóp varð bið á því að hann hittist. Það var reyndar ekki fyrir en í september sem hópurinn var fyrst kallaður saman og það ekki fyrir en eftir að annar fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í skipulags- og byggingarnefnd hafði komið með fyrirspurn til skipulagsfulltrúa um framvindu starfsins.

En samráðið var aldrei annað en

nafnið tómt. Þegar við fulltrúar íbúanna komum að málinu var búið að hanna tillögur sem við vorum spurðir að hvort okkur líkaði. Það eina sem tók einhverjum breytingum eftir að samráðshópurinn kom saman var aðkomu að hverfinu. Við vorum kallaðir í örfá skipti til funda hjá Borgarskipulagi og þótt ég ítrekað benti á að ekki hefði verið komið til móts við íbúa í veigamiklum atriðum var talað fyrir daufum eyrum.

Vel á annað hundrad manns mætti á kynningarfund 22. október sl. og ekki einn einasti lýsti sig ánægðan með það sem þar var kynnt. Óskir íbúa höfðu ekki verið virtar. Formaður skipulags- og byggingarnefndar var sjálfur á þeim fundi og lét hafa eftir sér að gæta þyrfti hagsmuna byggingaraðila og að hagsmunir borgarinnar væru hagsmunum borgaranna meiri.

Einkennileg röksemdafærsla

Það er ekkert annað en valdniðsla að ætla sér að keyra þessar tillögur í gegn þvert ofan í fyrirbyggjandi og rökstudd mótmæli íbúanna og þvert á öll þau loforð sem okkur voru gefin aðeins örfáum dögum fyrir borgarstjórnarkosningarnar síðastliðað vor.

Ein meginkrafta okkar var að byggð á Landssímalóð í Gufunesi yrði í samræmi við aðbyggjandi byggð og voru mótmæli í tólf liðum undirrituð af yfir 550 lögráða íbúum í fimm aðbyggjandi götum

afhent skipulagsfulltrúa borgarinnar innan boðaðs frests. Það skal ítrekað að undir þessi mótmæli rituðu eingöngu íbúar í aðbyggjandi götum og var það verulegur meirihluti þeirra.

Það lætur einkennilega í eyrum að heyra kjörna fulltrúa okkar borgaranna segja að þeir þurfi að gæta hagsmuna byggingaraðila og einnig það að hagsmunir borgaranna verði að vikja fyrir hagsmunum borgarinnar.

Það er þversögn að á meðan okkur íbúum er sagt að verulega hafi verið komið til móts við óskir okkar er okkur einnig sagt að líklega hafi ekki orðið svo verulegar breytingar á fyrri tillögu að það þurfi að auglýsa þær. Ég spyr skipulagsyfirvöld: „Teljið þið ykkur hafa endurskoðað skipulagið frá grunni?“ Sé svarið „já“ hlýtur að þurfa að auglýsa það aftur sem verulega breytt skipulag, en sé svarið „nei“ hlýt ég einnig að spyrja: „Var því ekki lofað?“

Ég beini orðum mínum til borgarstjóra, til fyrirverandi formanns skipulags- og byggingarnefndar (núverandi forseta borgarstjórnar) og núverandi formanns þeirrar sömu nefndar: Þið lofuðuð viðtæku samráði við íbúa, þið lofuðuð að taka fullt tillit til óska þeirra og þið lofuðuð að taka skipulagið til endurskoðunar frá grunni. Orð skulu standa.

Höfundur er leiðsögumaður og býr í Grafarholti.

ÍSLENSKT MÁL

Eftir Karl Emil Gunnarsson

Áður hefur verið á það minnst í þessum dálkum að ákveðin orðasambönd verða stundum svo fyrirferðarmikil í máli fjölmíðlunga, að þau nánast útrýma eðlilegra og einfaldara orðalagi, þar sem þau dynja sýknt og heilagt á augum og eyrum lesenda, hlustenda og áhorfenda. Dæmi um slíkt orðasamband er „að eiga við eitthvað að stríða“, ekki sist veikindi, kvilla og sjúkdóma. Þá er sagt sem svo: „Hann hefur átt við vanheilsu að stríða að undanfórnu.“ Þó kastar fyrst tölfunum þegar sagt er að manneskja hafi „átt við rifbeinsbrot að stríða“.

Víst getur heilsuleysi verið erfið stríð og í sjálfu sér getur sumt fyrrnefnt orðalag stundum átt rétt á sér. En um veikindi manna, heilsubrest og rifbeinsbrot má komast að orði á ýmsan annan hátt bæði í þágu tærs einfaldræi og lítskrúðugrar fjölbreytni, t.d.: Hann hefur verið heilsulaus að undanfórnu, veikindi hafa hrjád þau upp á síðkastið, hún hefur ekki gengið heil til skógar í seinni tíð, gamli maðurinn hefur kennt sér meins um hrið, forstöðukonan hefur verið veik upp á síðkastið – og svo auðvitað leikmaðurinn er rifbeinsbrotinn.

„Nokkuð var um að lögreglu þærust tilkynningar um meðvitundarlitnið fólk sem reyndist síðan svo ofurólvi að erfið var að greina í sundur hvort um sjúkileikaástand væri að ræða eða ölvunarástand.“ Svo var komist að orði í dagbók lögreglu eigi alls fyrir löngu. Hér er lífseigur nafnorðastíllinn lifandi kominn. Ekki er ósennilegt að átt sé við að fólk, sem sagt er frá í dagbókinni, hafi verið svo ofurólvi að erfið hafi verið að greina hvort það var sjúk eða ölv. Hins vegar hefur dagbókarritari sennilega ekki þótt lýsingarorðin *sjúkur* og *ölvður* nógu alvörubrunn eða ábúðarmikil og því gripnið til nafnorðanna sjúkileikaástand og ölvunarástand og spyr þau saman við margþvældan lepp, „um að ræða“. Jafnvel þótt einhverjir geti fallist á það að nafnorðin vegi þyngra en lýsingarorðin og „um að

ræða“ gefi klausunni festulegan stofnanablað verður ekki með nokkru móti séð að þörf sé fyrir orðaklastur eins og ölvunarástand og sjúkileikaástand. Skyldi ölvunarástand þýða eitthvað annað en *ölvun*? Og sjúkileikaástand annað en *sjúkleiki*? Ef maður er *gláður* í bragði, er hann þá í gleðiástandi? Eða er jafnvel „um gleðiástand að ræða“?

Ekki er því að heilsa að klausan, sem vitnað er til, sé einsdæmi. Dæmin í gagnasafni Morgunblaðsins eru mýmörög og þau eru öll úr dagbókum lögreglu hér og þar um landið. Skulu aðeins örfá tánd til:

„Því var það ölvunarástand sem skapaðist í miðborginni ... í hrópandi ósamræmi við markmið háttarhaldanna.“

„Fyrir dómi bar hann hins vegar fyrir sig neyðarvörn og sagði að honum hefði verið nauðugur einn kostur að aka þrátt fyrir ölvunarástand.“ „Var konan þá nánast ósjálfbjarga vegna ölvunarástands og lá með höfuðið fram á stýri ökutækisins.“

Ekki er annað að sjá en komast mætti af með hið yfirlætislausu orð *ölvun* alls staðar þar sem hrönglið ölvunarástand er notað í ofantöldum klausum. Reyndar er umsjónarmaður oftast bara *fullur* en það er önnur saga. Hann lætur í ljósi þá frámu ósk að um batnandi ritfærniástand verði að ræða hjá dagbókarritarum með tíð og tíma.

Landheiti og þjóða eru skemmtilegt athugunarefni svo og þau lýsingarorð sem höfð eru um þjóðir. Land heitir *Holland* og þeir sem það byggja kallast *Hollandingar*. *Hollenskir* túlpanar eru víðfrægir. Annað land heitir *Frakkland* og þar búa *Frakkar*. Margir þekkja *frönsk* vín. Enn er land og nefnist *Pólland*, byggt *Pólverjum*, og er völdi á, sem þar er bruggaður, *pólskur* kallaður.

Ekki er umsjónarmaður svo vel að sér að hann viti hvers vegna það eru ekki *Frakklandingar* sem

byggja *Frakkland* eða hvi fyrrnefndur völdi er ekki póllenskur. Skýringarinnar gæti verið að leita í því hvort kom á undan, þjóðin eða landið. Eða eins og barnið spurði: „Hvernig stendur á því að allar borgir í Englandi heita eftir fótboltaliðum?“

Tilfni þessara hugleiðinga er eitt stríðshrjád land sem *Tétsnía* heitir á síðum Morgunblaðsins – hét reyndar lengi vel Tsjetsjnía og var þá stuðt við flognar reglur um hvernig rita skyldi kyrillísk nöfn latínastöfum. Hins vegar þótti ýmsum rithátturinn Tsjetsjnía minna um of á það hvernig hnæri er tjáður á prenti svo að Morgunblaðið hvarf frá þeirri stafsetningu – þó ekki án samráðs við kunnáttumann í rússnesku (hvorki rússnesku né rússku).

Þá var komið að því að mynda þjóðarheiti. Kom til greina að kalla innbyggjarana *Tétsniumenn* í samræmi við *Bosniumenn*. Það varð þó úr að nefna þá *Tétsena*. Rökin fyrir því eru sött í rússneskt heiti þjóðarinnar og ofviða skilningi umsjónarmanns sökum fákunnáttu hans í rússnesku.

Þá var einungis lýsingarorðið eftir. Á síðum blaðsins hafði þetta fólk ýmist verið kallað tsjetsjenskt, tsjetsjenskt eða tsjetsjenskt. Þótt samræmi geti stundum verið hvítleitt var horfið að því ráði að samræma ritháttinn innan blaðs og verða íbúar *Tétsníu*, *Tétsenar*, því *tétsenskir* kallaðir hédan í frá. Til huggunar þeim sem leiðist of mikið samræmi þá munu þeir finna *Tétténi*, byggða *téttenskum* *Tétténunum*, í öðrum fjölmíðlum.

Hrör – Og er hann kemur í búiðarsundið þá gengur maður í mót honum. Sá er við aldur. Hann var í svartri ermakápu og var hún kominn að slitni. Ein var ermur á kápunni og horfði sú á bak aftur. Hann hafði í hendi staf og brodd í, hafði síða hettuna og rak undan skyggnum, stappaði niður stafnum og fór heldur bjúgur.

[Bandamanna saga.]

keg@mbl.is

Gagnrýni án umfjöllunar

Eftir Halldór Björn Runólfsson

ÉG ÁTTI von á öðru en því að Bragi Ásgeirsson, eitt margreyndasta bendiprik þjóðarinnar í myndlist, eyddi heilli síðu í að fara kringum Carnegie-sýninguna í Hafnarhúsinu án þess að fjalla að nokkru gagni um innviði hennar. Það er synd því að Carnegie 2002 er fyrsta sýning sinnar tegundar sem vígð er hér heima með allri þeirri víðhöfn og virkum sem því fylgdi. Jafnframt hefur sýningin að geyma þrjá íslenska listamenn sem Bragi lætur ekki svo lítið að geta, ef frá er talinn Georg Guðni, sem hann tæpir á í myflugmynd án þess að geta verka hans.

Þær Katrínur Sigurðardóttur og Kristínu Gunnlaugsdóttur nefnir Bragi ekki á nafn þótt verk þeirra séu, eins og Georgs Guðna, í alla staði frábært framlag. Ef eitthvað telst „illskiljanleg lútilsvirðing og blaut tuska framan í framsækna listamenn“, svo notað sé orðalag Braga, þá er það þegar gagnrýnandi notar heila síðu í dylgjur og uppspuna til þess eins að forðast að nefna listamenn sem hann getur ekki séð í réttu ljósi.

Preminngarnir íslensku sem valdir voru á Carnegie-sýninguna að þessu sinni eiga allt annað skilið en að þagað sé þunnu hljóði yfir framlagi þeirra. Hvers eiga þeir að gjalda? Er það sem man grunar að glæpur þeirra sé sá að vera af annarri og yngri kynslóð en gagnrýnandinn?

Þegar Picasso bar sig upp við Matisse, rétt eftir að stríðinu lauk, og tjáði honum að hann sæi ekkert vit í því sem Pollock, eða aðrir bandarískir abstrakt-expressjónistar væru að gera, svaraði Matisse honum með því að segja honum frá sínum eigin viðskiptum við Auguste Renoir. Impressjónistinn aldní sá nefnilega ekki glóru í verkum Matisse og hvatti hann eindregið til að hætta að mála.

Við getum rétt ímyndað okkur



„Það eru ætíð listamennirnir sem þátt taka, sem

gjalda fyrir persónulegar skærugagnrýnandans.“

hefði Matisse farið að ráðum Renoir sem hann mat þó meir en flesta aðra fyrirrennara sína. Þótt hann væri sár og hryggur dró hann stóískt af viðskiptum þeirra þann lærðóm að kynslóðabilið milli hans og impressjónistans væri of mikið til að hinn aldní meistari gæti skilið hvert hann væri að fara sem listamaður. Matisse var tæplega þrjátíu árum yngri en Renoir, rétt eins og Pollock var rúmlega þrjátíu árum yngri en Picasso.

Þó að það sé heldur dapurlegt að lesa fleipur Braga um Carnegie Art Award og endalaust nið hans um þá listfræðinga sem setið hafa í dómnefnd sjóðsins eru það þó ætíð listamennirnir sem þátt taka, sem gjalda fyrir persónulegar skærugagnrýnandans. Það er ekki gaman að lesa staðlausa stafi um það ágæta og rausnarlega framtak sem árleg Carnegie-sýningin er, en snöggum verra er þó að sjá þögnina sem Bragi lýkur um listamennina í furðulegum dómi sínum, ef dóm skyldi kalla.

Fátt kemur listamönnum eins illa og þögnin. Um það eru þeir flestir sammála. Lesendur umfjöllunarinnar um Carnegie-sýninguna, í Morgunblaðinu 30. október, hljóta því að spyrja sig hvort það sé ófráviljanlegt lögmál að sami úsri gagnrýnandinn sitji sem fastur áskrifandi að umræddum sýningarviðburði eins og hann væri einn síns liðs á Morgunblaðinu?

Höfundur er lektor við Listaháskóla Íslands.